

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn).

Frá 2. minni hluta viðskiptanefndar (BÁ, GSB, ÁMM, JM).

1. Við 2. gr. Orðin „svo og hlutföll kynjanna meðal starfsmanna eftir stöðu þeirra samkvæmt skipulagi“ falli brott.
2. Við 4. gr. Efnismálsliður greinarinnar orðist svo: Í hlutafélagi sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.–3. mgr. 98. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, eða hlutafélagi sem ríkissjóður á helmingshlut eða meira í og lýtur endurskoðun skv. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, skal formaður félagsstjórnar ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem félagsstjórnin felur honum að vinna fyrir sig.
3. Við 8. gr. Orðin „svo og hlutföll kynjanna meðal starfsmanna eftir stöðu þeirra samkvæmt skipulagi“ falli brott.